

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 14.2.2022
UST202201-065/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Reykjavalla - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Reykjavalla í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að gerðar verða ýmsar breytingar á skilmálum gildandi skipulags. Breytingin gengur út á að hámarks nýtingarhlutfall lóða er 0,03, mænishæð verði allt að fimm metrar, heimilt er að byggja frístundahús og tvö aukahús. Þakhalli, þakform og mænisstefna er frjálst og litaval er frjálst.

Girðingar

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að setja upp girðingu eða limerði á lóðamörkum með samkomulagi samliggjandi lóða. Umhverfisstofnun telur mikilvægt þar sem að lóðarmörk ná að Bæjarlæknum, að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna meðfram honum, en í læknum eru tveir fossar Rjórabúsí og Reykjavallafoss. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur